



### **Gunnhildur Gunnarsdóttir**

Ég hef ákveðið að gefa aftur kost á mér í embætti meðstjórnanda Sálfræðingafélagsins. Hagsmunabarátta sálfræðinga er mér mikilvæg og tel ég brýnt að hugað sé að ýmsum málum í framtíðinni, meðal annars aðgengi að þjónustu og kjaramálum sálfræðinga.

Tel ég og vona að reynsla mín af síðustu tveimur árum í stjórn Sálfræðingafélagsins muni nýtast mér en ég hef einnig áður sinnt hagsmunastörfum innan Háskóla Íslands, bæði fyrir nemendafélag sálfræðinema og setið í Stúdentaráði Háskóla Íslands. Frá því að ég útskrifaðist sem sálfræðingur sumarið 2016 hef ég starfað lengst af á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans en einnig stuttlega á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ásamt því að hafa verið með stofurekstur.